

Alþingi - fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

9. febrúar 2018

Tilvísun 18010085

11.01

JLB/ih

## Efni: Umsögn um frumvarp til lokafjárlaga 2016

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2016 var lagt fram á Alþingi þann 19. desember 2017. Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gefi nefndinni umsögn um frumvarpið, en lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, fela stofnuninni m.a. það hlutverk að aðstoða við störf þingnefnda er varða fjárhagsmálefni ríkisins, þ.m.t. eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Frumvarp til lokafjárlaga 2016 er síðasta frumvarp af þessu tagi þar sem ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, kveða á um breytt verklag hvað varðar samþykki Alþingis fyrir flutningi fjárheimildastaða á milli ára og breytingu fjárheimilda vegna markaðra tekna og annarra rekstrartekna stofnana. Lög um opinber fjármál tóku gildi 1. janúar 2016 en í bráðabirgðaákvæði í þeim segir að frumvörp til fjárukalaga og lokafjárlaga til og með árinu 2016 skuli fylgja ákvæðum eldri laga um fjárreiður ríkisins.

### Ákvæði eldri fjárreiðulaga um lokafjárlög

Í 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kom fram að með ríkisreikningi, sem lagður er fram á Alþingi sbr. 7. gr. laganna, skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skuli leitað heimilda til uppgjors á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skuli leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt sé að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skuli gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Í reynd má segja að lokafjárlögin hafi verið einskonar síðbúin fjárukalög sem sett voru eftir að viðkomandi fjárhagsári lauk.

### Efnisuppygging frumvarps til lokafjárlaga 2016

Frumvarp til lokafjárlaga 2016 er í þremur greinum eins og tíðkast hefur. Í fyrstu greininni eru lagðar til breytingar á fjárheimildum ársins 2016 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga ársins. Þar er lagt til að hækka fjárheimildir ársins samtals um 1.251 m.kr. á rekstrargrunni (1.668 m.kr. miðað við sjóðshreyfingar).

Í annarri grein frumvarpsins er lagt til að fella niður tiltekna afgangsheimildir og umframgjöld (þ.e. gjöld umfram fjárheimild) miðað við stöðu þeirra í árslok 2016. Lagt er til að fella niður fjárheimildastöður samtals að fjárhæð um -33.495 m.kr. á rekstrargrunni (16.456 m.kr. miðað við sjóðshreyfingar)<sup>1</sup>. Þetta felur í sér að fjárheimildir samtals að fjárhæð 19.855 m.kr. flytjast yfir á árið 2017 (sbr. fylgiskjal 1 með frumvarpinu). Þar af hækka fjárheimildir vegna rekstrar um 32.205 m.kr. og vegna stofnkostnaðar um 10.048 m.kr. verði frumvarpið samþykkt, en á hinn bóginn lækka fjárheimildir vegna tilfærslna um 21.112 m.kr. og vegna viðhalds um 1.286 m.kr.

Taflan að neðan sýnir fjárheimildir ársins 2016, breytingar á þeim skv. frumvarpi til lokafjárlaga og flutning heimilda yfir á árið 2017 sem lagður er til í frumvarpinu.

<sup>1</sup> Jákvætt formerki þýðir að meiri afgangsheimildir en umframgjöld eru felldar niður.

**Breytingar á fjárheimildum skv. frumvarpi til lokafjárlaga 2016**
**Í m.kr.**

Fjárlög 2016	695.071
Fjáraukalög 2016	141.649
Fluttar fjárheimildir frá árinu 2015	16.844
Breyting fjárheimilda v/frávíks ríkistekna frá áætlun fjárlaga (sbr. 1. gr. frv.)	<u>1.251</u>
<b>Samtals fjárheimildir 2016</b>	<b>854.815</b>
<b>Gjöld 2016 skv. ríkisreikningi</b>	<b>868.455</b>
Afgangsheimildir á árinu 2016	40.344
Umframgjöld á árinu 2016	<u>-53.984</u>
<b>Staða fjárheimilda í árslok 2016 (nettó)</b>	<b>-13.640</b>
Afgangsheimildir á árinu 2016 felldar niður skv. frv.	-18.769
Umframgjöld á árinu 2016 felld niður skv. frv.	<u>52.264</u>
<b>Niðurfelld fjárheimildastaða (sbr. 2. gr. frv.)</b>	<b>33.495</b>
Fluttar inneignir til ársins 2017	22.045
Fluttar skuldir til ársins 2017	<u>-2.190</u>
<b>Fluttar fjárheimildir til ársins 2017</b>	<b>19.855</b>

Loks er í þriðju grein frumvarpsins lagt til að löggin öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur fyrir árið 2016 sé þar með staðfestur í samræmi við áðurnefnda 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins og ákvæði í til bráðabirgða í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál.

**Breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga**

Í lögum um fjárreiður ríkisins er ekki vikið beint að því hvort, og þá hvernig, breyta skuli fjárheimildum stofnana í þeim tilvikum að ríkistekjur sem færðar eru hjá þeim og falla til á árinu reynast aðrar en áætlað var í fjárlögum og fjáraukalögum ársins. Um er að ræða liðina: „markaðar tekjur“ og „aðrar rekstrartekjur stofnana“. Aftur á móti hefur sú venja skapast að nota lokafjárlög til þess að breyta fjárheimildum til samræmis við þann mun sem þannig verður til, stofnanir njóta þess þá í auknum fjárheimildum ef umræddar tekjur reynast hærri en áætlað hafði verið og öfugt. Þetta á samt ekki við um alla fjárlagaliði heldur hafa slíkar viðbótartekjur hjá sumum fjárlagaliðum verið færðar á reikning fyrir bundið eigið fé í stað þess að vera til frjálsrar ráðstöfunar á höfuðstólsreikningi viðkomandi fjárlagaliðar.

Þann 5. febrúar sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Í frumvarpinu felst að mörkun tekna verður að mestu lögð af en að stofnanir og málaflokka sem notið hafa slíkra tekna verði þess í stað fjármagnaðar með fjárveitingu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum. Þó er áfram gert ráð fyrir að við ákvörðun fjárveitinga til nokkurra stofnana verði tekið mið að tekjum sem áætlað er að tilteknir skattar skili í ríkissjóð. Sambærilegt frumvarp um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs var lagt fram af meiri hluta fjárlaganefndar 2014, en það hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

**Bundið eigið fé**

Það verklag hefur tíðkast við gerð reikningsskila vegna nokkurra fjárlagaliða að færa niðurstöðu rekstrarreiknings að hluta eða öllu leyti á svokallað bundið eigið fé en ekki á höfuðstól eins og almennt er gert. Um er að ræða fjárlagaliði sem fjármagnaðir eru með mörkuðum tekjum en talið var

rétt að hluti slíkra tekna kæmi ekki til ráðstöfunar nema mælt væri um það í fjárlögum eða fjárukalögum. Þetta á til að mynda við um *08-851 Atvinnuleysistryggingasjóð* en bundið eigið fé hans í árslok 2016 var 18.181 m.kr. og *14-381 Ofanflóðasjóð* með 14.629 m.kr. bundið eigið fé. Auk þess voru 16 aðrir fjárlagaliðir með lægri fjárhæðir á bundnu eigin fé í árslok 2016. Á einum fjárlagaliði, *06-651 Vegagerðin*, var bundið eigið fé hins vegar neikvætt um 19.531 m.kr. í árslok 2016. Það stafar af því að stofnuninni hefur á undanförunum árum verið heimilað í fjárlögum að stofna til meiri útgjalda vegna framkvæmda en nemur mörkuðum tekjum sem renna eiga til samgöngu-framkvæmda.<sup>2</sup>

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum gert athugasemdir við þennan færslumáta og þá einkum færslu á neikvæðu bundnu eigin fé. Gagnrýna má að ekki liggi fyrir með hvaða hætti leysa skuli upp slíka stöðu á eigin fé fjárlagaliða. Ljóst er að þegar mörkun ríkistekna verður hætt mun þetta verklag jafnframt heyra sögunni til. Eftir sem áður þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti bundið eigið fé sem þegar er til staðar skuli koma til ráðstöfunar. Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingar hvað þetta varðar og telur rétt að fjárlaganefnd Alþingis hlutist til um að niðurstaða fái stöðu þar um.

### Niðurfelling fjárheimildastaða og flutningur fjárheimilda milli ára

Lög um fjárreiður ríkisins heimila að ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu geymdar til næsta árs að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra (sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997). Með sama hætti er heimilt að draga skuldir fyrra árs, sem urðu til vegna þess að fjárlagaliður fór fram úr fjárheimild, frá fjárveitingum ársins. Eigi ekki að auka eða skerða fjárveitingar næsta árs með þessum hætti þarf að fella niður afgangsheimildir og umframgjöld með lokafjárlögum. Slíkar niðurfellingar eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins. Fylgiskjal 2 með frumvarpinu sýnir hins vegar þær ónýttu fjárheimildir og umframgjöld ársins 2016 sem lagt er til að flytjist yfir á árið 2017 og komi til viðbótar eða frádráttar fjárheimildum vegna þess árs.

Í frumvarpinu er lagt til að fella niður fjárheimildarstöðu, bæði jákvæða og neikvæða, á fjárlagaliðum þar sem útgjöld eru lög- eða samningsbundin (t.d. lífeyristryggingar, sjúkratryggingar, eftirlaunaskuldbindingar, ríkisábyrgðir og vaxtagjöld), útgjöld eru hagræns eðlis (t.d. afskriftir krafna og gengismunur lána) eða um er að ræða viðhalds- eða stofnkostnaðarverkefni þar sem framkvæmdum er lokið. Þetta fyrirkomulag hefur tíðkast um árabíl og þýðir í reynd að fjárlög eru ekki að fullu látin stýra útgjöldum vegna slíkra liða. Fjárlögin eru þannig fremur áætlun um útgjöld þessara liða í stað þess að mæla fyrir um heimildir til að stofna til útgjalda vegna þeirra. Þetta sjónarmið er fest enn frekar í sessi í nýjum lögum um opinber fjármál. Helstu niðurfellingar umframgjalda í frumvarpinu að þessu sinni eru vegna *09-381 Lífeyrisskuldbindinga, eftirlauna* (27.037,4 m.kr.) og *09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár* (21.107,1 m.kr.). Helstu niðurfellingar afgangsheimilda eru vegna *09-721 Fjármagnstekjuskatts* (7.908 m.kr.), *09-989 Ófyrirséðra útgjalda* (5.842,5 m.kr.), *08-860 Íbúðalánasjóðs* (1.300 m.kr.) og *08-851 Atvinnuleysistryggingasjóðs* (1.034 m.kr.).

Það eru hlutaðeigandi ráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, en einnig Alþingis með afgreiðslu lokafjárlaga, sem ákveða hvernig skuli standa að niðurfellingu fjárheimildastöðu. Mikilvægt er að stuðst sé við skýr viðmið í þessu sambandi og er ekki annað að sjá en að við flutning fjárheimilda yfir á árið 2016 sé stuðst við sömu viðmið og áður.

Á undanförunum árum hefur flutningur afgangsheimilda verið takmarkaður meira en áður tíðkaðist. Taflan hér að neðan sýnir fjárhæð fluttra fjárheimilda 2006-2016 og er ljóst að talsvert hefur dregið úr þeim þegar skoðað er hlutfall fluttra fjárheimilda af heildarfjárheimild hvers árs.

<sup>2</sup> Listi yfir bundið eigið fé fjárlagaliða er á bls. 123 í heildaryfirliti ríkisreiknings 2016.

**Flutningur fjárheimilda á milli ára**

Í m.kr.	Flutt heimild frá fyrra ári, nettó	Heildar-fjárheimild ársins	Hlutfall
2006	17.413	352.049	4,95%
2007	17.687	407.061	4,35%
2008	19.927	487.305	4,09%
2009	21.665	590.285	3,67%
2010	18.497	578.302	3,20%
2011	16.470	543.718	3,03%
2012	12.023	567.097	2,12%
2013	13.728	593.121	2,31%
2014	12.919	655.212	1,97%
2015	8.645	673.142	1,28%
2016	16.844	854.815	1,97%

Flutningi fjárheimilda milli ára er ætlað að skapa sveigjanleika í rekstri stofnana þannig að þær geti stofnað til hóflegra umframútgjalda á árinu (undir 4% af ársáætlun sinni) gegn því að mæta slíkum útgjöldum af fjárveitingu næsta árs. Með þessu fyrirkomulagi á m.a. að koma í veg fyrir að stjórnendur ríkisstofnana freistist til þess að fullnýta alla fjárheimild ársins af ótta við að hún verði að öðrum kosti skert í næstu fjárlögum. Auk þess einfaldar það málin ef ekki þarf að sækja um endurnýjaða fjárheimild þótt útgjöld, sem ráðgerð höfðu verið á árinu, frestist fram yfir áramót. Sveigjanleiki af þessu tagi hentar mörgum stofnunum, en í öðrum tilvikum getur hann leitt til agaleysis í rekstri og frestað því að tekið sé á málum.

Ríkisendurskoðun hefur áður bent á að ekki sé eðlilegt að flytja sjálfkrafa neikvæða stöðu fjárlagaliða á milli ára ef það er í raun og veru ekki ætlun stjórnvalda að skerða fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliðar og knýja fram sparnað í starfseminni. Þess í stað eigi að jafna neikvæða stöðu liðarins með viðbótarfjárveitingu. Ný lög um opinber fjármál gera áfram ráð fyrir flutningi fjárheimildastöðu á milli ára og gera hann í reynd nánast sjálfvirkan. Fjárheimildastaða vegna útgjalda sem ráðast af hagrænum forsendum fjárlaga, metnum stærðum í reikningshaldslegu uppgjöri eða öðrum þáttum sem lúta ekki ákvörðunarvaldi ráðherra, eru hins vegar felld niður. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að innleiða formlegt verklag í sambandi við niðurfellingu fjárheimildastöðu sem tryggir nánari aðkomu Alþingis að ákvarðanatöku um þau mál. Ríkisendurskoðun hefur talið eðlilegt að Alþingi kalli eftir skýringum viðkomandi ráðherra á frávikum og til hvaða ráðstafana ráðuneyti hans hafi gripið. Alþingi myndi síðan fjalla um málið, álykta um það og taka ákvörðun sem gæti fallist í einu eða fleiru eftirfarandi:

(1) Útgjöldunum verði mætt eftir á með viðbótarfjárheimild (aukafjárveitingu í fjárukalögum eða tímabundinni fjárveitingu í fjárlögum næsta árs) ef réttmætar ástæður eru fyrir frávíkinu, s.s. ófyrirséð en brýn útgjöld sem ekki var hægt að fresta eða mæta með millifærslu á fjárheimild innan ársins.

(2) Neikvæð fjárheimildastaða flytjist til næsta árs enda verði stofnun þá sannanlega gert að hagræða og/eða draga úr starfsemi sinni til að mæta skerðingu fjárheimilda sem af þessu leiðir. Þetta gæti t.d. átt við ef framkvæmd var flýtt og gjöld sparast sem annars hefðu fallið til á næsta ári. Einnig ef fyrir liggur að stofnun hafi svigrúm til að endurgreiða umframkostnað á næsta ári með hagræðingu eða niðurskurði á því ári.

(3) Hvorki sé veitt viðbótarfjárheimild né neikvæð staða flutt til næsta árs. Síðasta tilvikið ætti við ef ekki er réttmæt ástæða fyrir umframgjöldum og ekki er talið unnt að mæta frávíkinu

með skerðingu á fjárheimild næsta árs. Slíkt frávik myndi eðlilega leiða til þess að viðkomandi forstöðumaður, eða eftir atvikum ráðherra, þyrftu að axla ábyrgð á að hafa stofnað til tilefnislausra útgjalda umfram heimild.

### Framlagning frumvarps til lokafjárlaga

Lög um fjárreiður ríkisins gerðu ráð fyrir að frumvarp til lokafjárlaga yrði lagt fram samhliða ríkisreikningi, en ríkisreikningur kemur að jafnaði út sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Á tímabilinu 2008-2016 hefur í fimm skipti náðst að leggja frumvarpið fram á sama ári og reikningurinn kemur út. Almennt séð hafa frumvörp til lokafjárlaga þó verið lögð fyrr fram en áður tíðkaðist.

Ár	Frumvarp lagt fram	Lög samþykkt	Tími frá lokum reikningsárs til framl. (dagar)	Afgreiðslutími Alþingis (dagar)
2008	22.2.2010	11.6.2010	418	109
2009	3.3.2011	3.5.2011	427	61
2010	20.10.2011	1.6.2012	293	225
2011	18.10.2012	26.3.2013	292	159
2012	10.3.2014	16.5.2014	434	67
2013	3.2.2015	30.6.2015	399	147
2014	30.11.2015	18.5.2016	334	170
2015	12.12.2016	22.3.2017	347	100
2016	19.12.2017			

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til lokafjárlaga kemur fram að lögin öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur fyrir árið 2016 sé þar með staðfestur í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins og ákvæði 1 til bráðabirgða í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og að fjárhagsárinu sé þannig formlega lokað.

### Höfuðstólsstaða skv. ríkisreikningi og frv. til lokafjárlaga

Höfuðstóll fjárlagaliða í árslok 2016 nam samtals 14.728 m.kr. skv. ríkisreikningi ársins og flyst til hækkunar og lækkunar á fjárheimildum 2017 (sbr. Séryfirlit 3 í reikningnum). Frumvarp til lokafjárlaga gerir hins vegar ráð fyrir að 19.855 m.kr. fjárheimildastaða flytjist milli ára (sbr. fylgiskjal 2 í frumvarpinu). Fyrir flesta fjárlagaliði er samræmi á milli höfuðstólsstöðu viðkomandi liðar í árslok skv. ríkisreikningi og þess sem lagt er til að flytjist til næsta árs í frumvarpi til lokafjárlaga. Í nokkrum tilvikum er hins vegar munur á fjárhæðum. Í ríkisreikningi er rekstrarafkoma ársins þannig í nokkrum tilvikum flutt á bundið eigið fé en ekki á höfuðstól eins og venjan er hjá öllum öðrum liðum. Þetta á við um fjárlagaliðina 08-851 *Atvinnuleysistryggingasjóður*, 08-852 *Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga*, 08-853 *Ábyrgðasjóður launa* og 08-854 *Fæðingarorlof*. Í frumvarpi til lokafjárlaga er tilgreind óskert fjárheimildastaða (fengnar fjárheimildir - reikningsfærð gjöld) á öllum fjárlagaliðum, þessum jafnt sem öðrum. Þá eru markaðar skatttekjur fjárlagaliðarins 08-204 *Lífeyristryggingar* að fullu tekju- og eignfærðar í ársreikningi liðarins í ríkisreikningi en fjárheimild liðarins aftur á móti ekki breytt í lokafjárlögum þótt ríkistekjur hans hafi orðið aðrar samkvæmt reikningsuppgjörinu en áætlað var í fjárlögum og fjárukalögum. Útgjöld liðarins ráðast ekki af tekjunum og það sem uppá vantar til að þær nægi fyrir útgjöldum er jafnan fjármagnað með beinu framlagi úr ríkissjóði, án tillits til fjárheimildar. Fjárheimildastaða ofangreindra fjárlagaliða er ætíð felld niður um hver áramót. Smávægilegt misræmi getur einnig verið til staðar á öðrum fjárlagaliðum sem stafar af afrúningi fjárhæða.

### Ákvæði laga um opinber fjármál


Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, voru samþykkt á Alþingi 19. desember 2015 og tóku gildi 1. janúar 2016. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögnum skulu þó frumvörp til fjárukalaga og lokafjárlaga til og með árinu 2016 fylgja ákvæðum eldri laga, sem og ársreikningar ríkisaðila og ríkisreikningur eins og áður hefur komið fram.

Í lögnum voru felld út ákvæði eldri laga um lokafjárlög. Ekki er því lengur um það að ræða að slík frumvörp verði framvegis lögð fram. Lögin gera ráð fyrir breyttu fyrirkomulag markaðra tekna og rekstrartekna ríkisstofnana. Markaðar tekjur munu eingöngu færast hjá ríkissjóði en ekki hjá stofnunum. Kveðið er á um að tekjustofninn skuli tengdur beint þeim málaflokki sem á við hverju sinni en ekki þeim aðilum sem annast framkvæmd hans og renna tekjurnar í ríkissjóð. Það er síðan hlutverk Alþingis að ákveða hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks hverju sinni og hlutaðeigandi ráðherra að ákveða fjárveitingar til þeirra aðila sem annast framkvæmdina. Í ríkisreikningi verði birt yfirlit sem sýna markaða tekjustofna og ráðstöfun þeirra til viðkomandi málaflokka. Nýtt verklag í sambandi við markaðar tekjur hefur ekki verið samþykkt og hafa ákvæði hinna ýmsu laga sem mæla fyrir um mörkun tiltekinna skatttekna þannig ekki verið afnumin. Eins og fram hefur komið hefur frumvarp sem tekur á því máli verið lagt fram en telja verður að samþykkt þess sé forsenda fyrir að nýtt verklag í samræmi við lög um opinber fjármál geti tekið gildi eins og til var ætlast.

Rekstrartekjur ríkisstofnana í A-hluta verða áfram bókfærðar í ársreikninga stofnana til ráðstöfunar hjá þeim eins og verið hefur, en verða jafnframt settar fram sem hluti af tekjum ríkissjóðs í heild. Ekki verður lengur um það að ræða að slíkar sértekjur, eins og þær voru nefndar, komi til frádráttar gjöldum.

Í 30. gr. nýju laganna er kveðið á um heimild til flutnings fjárheimilda milli ára. Almenna reglan er að frávik gjalda frá fjárheimild flytjist á milli ára, þó að undanskildum fjárheimildum fyrir útgjöldum, sem ráðast af hagrænum forsendum fjárlaga, metnum stærðum í reikningshaldslegu uppgjöri eða öðrum þáttum sem lúta ekki ákvörðunarvaldi ráðherra. Frumvarpið gerir ekki lengur ráð fyrir því að niðurfellingar á stöðu fjárheimilda þurfi að samþykkja með lokafjárlögum eins og verið hefur. Ríkisendurskoðun hefur talið að taka þurfi af öll tvímæli um hvaða liðir eigi að lúta undantekningu frá almennu reglunni. Til að koma til móts við þetta sjónarmið er í lögnum tekið fram að fjármála- og efnahagsráðherra setji reglur, að höfðu samráði við fjárlaganefnd, um uppgjör fjárheimilda samkvæmt þessari málsgrein og hvernig með skuli farið við gerð útgjaldaáætlana.

Loks er í 58. gr. fjallað um staðfestingu ríkisreiknings. Fjármála- og efnahagsráðherra skal leggja fram frumvarp á Alþingi til staðfestingar ríkisreikningi og skal í greinargerð með því fjalla um niðurstöðutölur reikningsins og gera grein fyrir frávikum tekna, útgjalda og lánamála frá samþykktum heimildum Alþingis.



## Fylgiskjal 1

## Breytingar á fjárheimildum skv. frumvarpi til lokafjárlaga 2016

Fjárlagaliður	Breyting skv. 1. gr. frumvarps			Breyting skv. 2. gr. frumvarps					
	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
í m.kr.									
00-101 Embætti forseta Íslands	-1,3			-1,3			-1,3		-1,3
00-201 Alþingi	286,5			286,5			286,5	286,5	
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit	-71,8			-71,8			-71,8		-71,8
00-212 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	-8,2			-8,2		8,2			
00-291 Rannsóknarnefndir Alþingis	12,0			12,0			12,0	12,0	
00-301 Ríkisstjórn	-7,6			-7,6		7,6			
00-401 Hæstiréttur	-22,9			-22,9		22,9			
00-610 Umboðsmaður Alþingis	40,9			40,9			40,9	40,9	
00-620 Ríkisendurskoðun	47,3			47,3	-2,5		44,8	44,8	
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	45,8			45,8			45,8	45,8	
01-111 Húsameistari ríkisins	1,2			1,2			1,2	1,2	
01-190 Ýmis verkefni	47,0			47,0	-17,9		29,1	29,1	
01-199 Ráðstöfunarfé									
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins	21,2			21,2			21,2	21,2	
01-241 Umboðsmaður barna	3,3			3,3			3,3	3,3	
01-253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	2,0			2,0	-0,9		1,1	1,1	
01-261 Óbyggðanefnd	2,4			2,4			2,4	2,4	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
01-271 Ríkislögmaður	28,6			28,6			28,6	28,6	
01-304 Jafnréttissjóður Íslands									
01-311 Þjóðminjasafn Íslands	23,7			23,7			23,7	23,7	
01-321 Minjastofnun Íslands	4,4			4,4			4,4	4,4	
01-322 Fornminjasjóður	6,8			6,8			6,8	6,8	
01-323 Húsafriðunarsjóður	35,5			35,5			35,5	35,5	
01-401 Hagstofa Íslands	45,9			45,9			45,9	45,9	
01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	283,7	2,1		285,8			285,8	285,8	
02-101 Mennta- og menningarm.ráðun., aðalskrifstofa	2,9			2,9			2,9	2,9	
02-199 Ráðstöfunarfé									
02-201 Háskóli Íslands	556,9		-64,7	492,2			492,2	492,2	
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-1,3	5,9		4,6			4,6	4,6	
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	99,2			99,2			99,2	99,2	
02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-20,1			-20,1			-20,1		-20,1
02-210 Háskólinn á Akureyri	-13,6	34,7		21,1			21,1	21,1	
02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	3,1	4,5		7,6			7,6	7,6	
02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-41,7		-1,4	-43,1			-43,1		-43,1
02-225 Háskólinn á Bifröst									
02-227 Háskólinn í Reykjavík	-0,2			-0,2			-0,2		-0,2
02-228 Listaháskóli Íslands									
02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands	-30,0			-30,0			-30,0		-30,0
02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni	431,3			431,3			431,3	431,3	
02-236 Rannsóknasjóður	520,5			520,5			520,5	520,5	
02-238 Innviðasjóður	-15,3			-15,3			-15,3		-15,3



## Fjárlagaliður

í m.kr.

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávíkum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
02-269 Háskóla- og vís.stofnanir, viðhald og stofnkostn.	2,1			2,1			2,1	2,1	
02-299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi	79,6			79,6			79,6	79,6	
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	13,7	0,5		14,2			14,2	14,2	
02-302 Menntaskólinn á Akureyri	11,0	1,0		12,0			12,0	12,0	
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	16,1			16,1			16,1	16,1	
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	-0,5	0,6		0,1		0,0	0,1	0,1	
02-305 Menntaskólinn við Sund	-42,5	1,3		-41,2			-41,2		-41,2
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	-20,6	3,6		-17,0			-17,0		-17,0
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	-4,4	13,3		8,9			8,9	8,9	
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	15,2	2,9		18,1			18,1	18,1	
02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík	13,6		-3,9	9,7			9,7	9,7	
02-316 Fasteignir framhaldsskóla	66,2			66,2			66,2	66,2	
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	777,7			777,7			777,7	777,7	
02-319 Framhaldsskólar, almennt	85,0			85,0	-4,5		80,5	80,5	
02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-12,4	4,8		-7,6	0,0		-7,6		-7,6
02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla	-16,3	16,1		-0,2	0,0		-0,2		-0,2
02-352 Flensborgarskóli	-65,9		-0,5	-66,4			-66,4		-66,4
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10,4	3,4		13,8			13,8	13,8	
02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	35,9	0,2		36,1			36,1	36,1	
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	20,4	0,3		20,7			20,7	20,7	
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-22,5	6,1		-16,4			-16,4		-16,4
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	73,9		-0,6	73,3			73,3	73,3	
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	-2,2	3,4		1,2		0,0	1,2	1,2	

Fjarlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfellid afgangs- heimild	Niðurfellid umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	-20,7	3,4		-17,3			-17,3		-17,3
02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-8,7	13,6		4,9			4,9	4,9	
02-361 Framhaldsskólinn í A- Skaftafellssýslu	29,2	1,3		30,5			30,5	30,5	
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	-10,6	0,2		-10,4			-10,4		-10,4
02-363 Framhaldsskólinn á Laugum	-2,2			-2,2			-2,2		-2,2
02-365 Borgarholtsskóli	14,7	3,4		18,1			18,1	18,1	
02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-0,3	1,2		0,9			0,9	0,9	
02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar	-0,1			-0,1			-0,1		-0,1
02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-42,1	1,8		-40,3			-40,3		-40,3
02-372 Menntaskólinn á Tröllaskaga	9,6	7,3		16,9			16,9	16,9	
02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarkertra.	-11,8			-11,8			-11,8		-11,8
02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra									
02-451 Framhaldsfræðsla	8,8			8,8			8,8	8,8	
02-504 Tækniskólinn	1,6			1,6			1,6	1,6	
02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,1			0,1	-0,1				
02-519 Vinnustaðanámsjóður	-3,5			-3,5			-3,5		-3,5
02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík									
02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-4,4			-4,4			-4,4		-4,4
02-565 Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga									
02-581 Verslunarskóli Íslands	1,6			1,6			1,6	1,6	
02-720 Grunnskólar, almennt	0,5			0,5			0,5	0,5	
02-723 Menntamálastofnun	15,9		-2,0	13,9			13,9	13,9	
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	-2,0			-2,0			-2,0		-2,0
02-884 Jöfnun á námskostnaði	79,3			79,3	-79,3				

## Fjárlagaliður

Í m.kr.

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávíkum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	-2,5			-2,5	-0,1		-2,6		-2,6
02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	28,4			28,4			28,4	28,4	
02-906 Listasafn Einars Jónssonar	2,9			2,9	-0,4		2,5	2,5	
02-907 Listasafn Íslands	-8,8			-8,8			-8,8		-8,8
02-908 Kvikmyndasafn Íslands	-3,8			-3,8			-3,8		-3,8
02-909 Hljóðbókasafn Íslands	6,3			6,3			6,3	6,3	
02-911 Náttúruminjasafn Íslands	-0,6			-0,6			-0,6		-0,6
02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	7,5			7,5			7,5	7,5	
02-918 Safnasjóður	4,0			4,0			4,0	4,0	
02-919 Söfn og menningarminjar	11,9			11,9	-1,9		10,0	10,0	
02-961 Fjölmíðlanefnd	5,0			5,0	-0,8		4,2	4,2	
02-965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	39,4			39,4			39,4	39,4	
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	171,1			171,1			171,1	171,1	
02-971 Ríkisútvarpið		5,3		5,3			5,3	5,3	
02-972 Íslenski dansflokkurinn	-0,1			-0,1			-0,1		-0,1
02-973 Þjóðleikhúsið	19,4			19,4			19,4	19,4	
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	3,0	0,5		3,5			3,5	3,5	
02-977 Höfundarréttargjöld	13,8		-13,8						
02-978 Launasjóðir listamanna	16,4			16,4			16,4	16,4	
02-980 Listskreytingasjóður	1,2			1,2			1,2	1,2	
02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	92,9			92,9			92,9	92,9	
02-982 Listir	13,3			13,3	-0,5		12,8	12,8	
02-983 Ýmis fræðistörf	4,2			4,2			4,2	4,2	
02-984 Norræn samvinna	45,3			45,3			45,3	45,3	

## Fjárlagaliður

Í m.kr.

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávika ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
02-985 Rammaáætlun. ESB um menntun, ranns. og tækniþr.	23,9			23,9	-27,7		-3,8		-3,8
02-988 Æskulýðsmál	1,8			1,8	-0,7		1,1	1,1	
02-989 Ýmis íþróttamál	6,4			6,4	-5,9		0,5	0,5	
02-999 Ýmislegt	62,5			62,5	-1,8		60,7	60,7	
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	16,6			16,6			16,6	16,6	
03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	14,0			14,0			14,0	14,0	
03-190 Ýmis verkefni	15,6			15,6	-0,5		15,1	15,1	
03-199 Ráðstöfunarfé									
03-213 Varnarmál	64,3			64,3			64,3	64,3	
03-300 Sendiráð Íslands	203,7			203,7			203,7	203,7	
03-390 Alþjóðleg þróunarsamvinna	277,8			277,8	-0,1		277,7	277,7	
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálpstarfsemi	196,8			196,8			196,8	196,8	
03-401 Alþjóðastofnanir	510,6			510,6	-510,6				
03-611 Íslandsstofa	0,9		-0,9						
04-101 Atvinnuvega- og nýsk.ráðun., aðalskrifstofa	37,9			37,9			37,9	37,9	
04-190 Ýmis verkefni	370,2	2,1		372,3		8,5	380,8	380,8	
04-199 Ráðstöfunarfé									
04-215 Fiskistofa	86,3		-10,5	75,8			75,8	75,8	
04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs									
04-234 Matvælastofnun	121,0		-86,1	34,9	0,0		34,9	34,9	
04-246 Samkeppniseftirlitið	3,7			3,7			3,7	3,7	
04-251 Einkaleyfastofan	-33,4	47,4		14,0			14,0	14,0	
04-401 Hafrannsóknastofnunin									

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávika ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfeld afgangs- heimild	Niðurfeld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
04-405 Veiðimálastofnun									
04-406 Hafrannsóknastofnun	157,8			157,8			157,8	157,8	
04-411 Matvælarannsóknir									
04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	84,9	18,9		103,8	0,0		103,8	103,8	
04-415 Sjóður til síldarrannsóknna	239,7			239,7			239,7	239,7	
04-416 Veiðarfærarannsóknir	0,8			0,8			0,8	0,8	
04-417 Rannsóknasj. til að auka verðmæti sjávarfangs	35,5	11,8		47,3			47,3	47,3	
04-421 Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	34,7			34,7			34,7	34,7	
04-423 Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna	-0,5			-0,5		0,5			
04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	5,6			5,6			5,6	5,6	
04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	1,6			1,6			1,6	1,6	
04-488 Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað									
04-501 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	24,5			24,5			24,5	24,5	
04-511 Tækniþróunarsjóður	419,8			419,8			419,8	419,8	
04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-16,2			-16,2		16,2			
04-522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	65,1			65,1	-65,1				
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun	168,2			168,2	-1,9		166,3	166,3	
04-541 Byggðaaáætlun og sóknaráætlanir landshluta	216,6			216,6			216,6	216,6	
04-542 Byggðastofnun	5,0			5,0			5,0	5,0	
04-551 Ferðamálastofa	-43,6	7,3		-36,3			-36,3		-36,3



Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
04-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	130,4			130,4			130,4	130,4	
04-559 Ýmis ferðamál	236,0			236,0			236,0	236,0	
04-571 Orkustofnun	40,5			40,5			40,5	40,5	
04-581 Orkusjóður									
04-583 Niðurgreiðslur á húshitun	-7,4			-7,4		7,4			
04-585 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	-34,8			-34,8		34,8			
04-599 Ýmis orkumál	27,8			27,8			27,8	27,8	
04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu									
04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	0,3			0,3			0,3	0,3	
04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	4,1			4,1			4,1	4,1	
04-811 Búnaðarlagasamningur	0,1			0,1			0,1	0,1	
04-818 Búnaðarsjóður	-94,9	94,9							
04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	62,1			62,1			62,1	62,1	
04-840 Stuðningur við fiskeldi	-14,0			-14,0		14,0			
04-843 Fiskræktarsjóður	469,5	2,4		471,9			471,9	471,9	
04-844 Umhverfissjóður sjókvíaldis	111,9		-0,3	111,6			111,6	111,6	
04-851 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum	-26,2			-26,2		26,2			
04-853 Bjargráðasjóður									
04-861 Flutningssjóður olíuvara	-1,8	1,8							
04-862 Jöfnun flutningskostnaðar	114,0			114,0	-114,0				
06-101 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	10,4			10,4			10,4	10,4	

## Fjárlagaliður

Í m.kr.

	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávíkum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
06-102 Stjórnartíðindi	-2,5	4,1		1,6			1,6	1,6	
06-111 Kosningar	-62,5			-62,5		62,5			
06-190 Ýmis verkefni	31,5	2,1		33,6		31,0	64,6	64,6	
06-199 Ráðstöfunarfé									
06-201 Hæstiréttur	11,8			11,8			11,8	11,8	
06-210 Héraðsdómstólar	-185,9			-185,9		174,0	-11,9		-11,9
06-231 Málskostnaður í opinberum málum	-39,5			-39,5		39,5			
06-232 Opinber réttaraðstoð	-83,8			-83,8		83,8			
06-235 Bætur brotaþola	-48,1			-48,1		48,1			
06-236 Sanng. bætur. vegna misgjörða á visth. fyrir börn	-0,6			-0,6		0,6			
06-251 Persónuvernd	-6,7			-6,7			-6,7		-6,7
06-300 Héraðssaksóknari	25,5			25,5			25,5	25,5	
06-301 Ríkissaksóknari	-13,5			-13,5			-13,5		-13,5
06-303 Ríkislögreglustjóri	6,7			6,7			6,7	6,7	
06-305 Lögregluskóli ríkisins	-133,3			-133,3		133,3			
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-5,1			-5,1			-5,1		-5,1
06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	9,1			9,1			9,1	9,1	
06-313 Lögreglustjórinn á Vesturlandi	10,0			10,0			10,0	10,0	
06-314 Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	4,1			4,1			4,1	4,1	
06-315 Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	-5,6			-5,6			-5,6		-5,6
06-316 Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	12,2			12,2			12,2	12,2	
06-317 Lögreglustjórinn á Austurlandi	2,9			2,9			2,9	2,9	
06-318 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	13,8			13,8			13,8	13,8	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávíkum ríkistekna	Niðurfellid afgangs- heimild	Niðurfellid umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
06-319 Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	-5,1			-5,1			-5,1		-5,1
06-325 Samræmd neyðarsvörun	8,3	1,9		10,2			10,2	10,2	
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	-18,5			-18,5		23,9	5,4	5,4	
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	205,4			205,4			205,4	205,4	
06-396 Landhelgissjóður Íslands	92,5	1,5		94,0			94,0	94,0	
06-397 Schengen-samstarf	-18,7			-18,7			-18,7		-18,7
06-398 Útlendingastofnun	15,5			15,5			15,5	15,5	
06-399 Hælisleitendur	-32,6			-32,6			-32,6		-32,6
06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins	-75,2			-75,2			-75,2		-75,2
06-442 Sýslumaður Vesturlands	-56,2			-56,2			-56,2		-56,2
06-443 Sýslumaður Vestfjarða	-15,3			-15,3			-15,3		-15,3
06-444 Sýslumaður Norðurlands vestra	-18,8			-18,8			-18,8		-18,8
06-445 Sýslumaður Norðurlands eystra	-25,7			-25,7			-25,7		-25,7
06-446 Sýslumaður Austurlands	-28,7			-28,7			-28,7		-28,7
06-447 Sýslumaður Suðurlands	-34,3	13,5		-20,8	0,0		-20,8		-20,8
06-448 Sýslumaður Suðurnesja	-13,4			-13,4			-13,4		-13,4
06-449 Sýslumaður Vestmannaeyja	-14,6			-14,6			-14,6		-14,6
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	-7,8			-7,8		8,3	0,5	0,5	
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	40,6			40,6			40,6	40,6	
06-591 Fangelsisbyggingar	31,0			31,0			31,0	31,0	
06-651 Vegagerðin	1.933,8	36,1		1.969,9			1.969,9	1.969,9	
06-655 Samgöngustofa	4,1	64,8		68,9			68,9	68,9	
06-659 Rannsóknanefnd samgönguslysa	-59,3			-59,3			-59,3		-59,3
06-662 Hafnarframkvæmdir	400,7			400,7			400,7	400,7	



Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávika ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfellð afgangs- heimild	Niðurfellð umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
<b>Í m.kr.</b>									
06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	78,7			78,7			78,7	78,7	
06-681 Póst- og fjarskiptastofnunin	12,0	11,4		23,4			23,4	23,4	
06-682 Jöfnunarsjóður alþjónustu	26,8	1,5		28,3			28,3	28,3	
06-689 Fjarskiptasjóður	211,7			211,7			211,7	211,7	
06-701 Þjóðkirkjan	340,9			340,9			340,9	340,9	
06-705 Kirkjumálasjóður									
06-707 Kristnisjóður									
06-733 Kirkjugarðar	-5,5			-5,5			-5,5		-5,5
06-735 Sóknargjöld									
06-736 Jöfnunarsjóður sókna									
06-801 Neytendastofa	-6,3	1,6		-4,7		0,0	-4,7		-4,7
06-821 Þjóðskrá Íslands	-21,3	50,1		28,8			28,8	28,8	
06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	98,1			98,1	-98,1				
06-848 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	27,9			27,9	-27,9				
06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið - Netríkið Ísland	-1,2			-1,2			-1,2		-1,2
08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4,2			4,2			4,2	4,2	
08-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála	5,0			5,0			5,0	5,0	
08-190 Ýmis verkefni	-64,6			-64,6			-64,6		-64,6
08-199 Ráðstöfunarfé									
08-201 Tryggingastofnun ríkisins	10,1			10,1			10,1	10,1	
08-202 Sjúkratryggingar Íslands	23,7			23,7			23,7	23,7	
08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-176,4			-176,4		176,4			
08-204 Lífeyristryggingar	-416,9			-416,9		416,9			

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávíkum ríkistekna	Niðurfellid afgangs- heimild	Niðurfellid umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
08-206 Sjúkratryggingar	-57,9			-57,9		57,9			
08-208 Slysatryggingar	281,5		-7,0	274,5	-274,5				
08-209 Sjúklingatrygging	59,3			59,3	-59,3				
08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra	3,7			3,7	-3,7				
08-301 Landlæknir	98,5	6,0		104,5	-2,0		102,5	102,5	
08-303 Lýðheilsusjóður	-2,6	11,0		8,4		2,0	10,4	10,4	
08-310 Krabbameinsfélag Íslands									
08-317 Lyfjastofnun	15,1		-26,8	-11,7			-11,7		-11,7
08-327 Geislavarnir ríkisins	3,7	0,2		3,9			3,9	3,9	
08-329 Fjölmenningssetur	-0,2			-0,2			-0,2		-0,2
08-331 Vinnueftirlit ríkisins	51,8	40,8		92,6	-15,4		77,2	77,2	
08-332 Ríkissáttasemjari	1,4			1,4			1,4	1,4	
08-333 Jafnréttisstofa	2,2			2,2			2,2	2,2	
08-334 Umboðsmaður skuldara	-73,9		-609,6	-683,5			-683,5		-683,5
08-336 Jafnréttissjóður Íslands	0,2			0,2			0,2	0,2	
08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri	-33,3			-33,3			-33,3		-33,3
08-373 Landspítali	-87,2	2,1		-85,1			-85,1		-85,1
08-376 Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans	1.307,2			1.307,2			1.307,2	1.307,2	
08-379 Sjúkrahús, óskipt	183,4			183,4			183,4	183,4	
08-383 Sjúkrahótel	5,7			5,7			5,7	5,7	
08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið									
08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	219,4			219,4		47,6	267,0	267,0	
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	126,4			126,4	-65,8		60,6	60,6	
08-401 Öldrunarstofnanir, almennt	514,8			514,8			514,8	514,8	
08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra	970,4			970,4			970,4	970,4	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfeld afgangs- heimild	Niðurfeld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld	-272,3			-272,3		272,3			
08-405 Hrafnista, Reykjavík	-42,0			-42,0		42,0			
08-406 Hrafnista, Hafnarfirði	-0,5			-0,5		0,5			
08-407 Grund, Reykjavík	-32,6			-32,6		32,6			
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir	-5,2			-5,2		5,2			
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-0,2			-0,2		0,2			
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	-1,5			-1,5		1,5			
08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	-0,4			-0,4		0,4			
08-419 Sólvangur, Hafnarfirði	9,8			9,8			9,8	9,8	
08-423 Höfði, Akranesi	-0,1			-0,1		0,1			
08-424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	-4,6			-4,6		4,6			
08-426 Fellaskjól, Grundarfirði	-0,2			-0,2		0,2			
08-427 Jaðar, Ólafsvík	-1,4			-1,4		1,4			
08-428 Fellsendi, Búðardal	-3,9			-3,9		3,9			
08-429 Barmahlíð, Reykhólum	-2,1			-2,1		2,1			
08-433 Dalbær, Dalvík	-9,8			-9,8		9,8			
08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	-7,9			-7,9		7,9			
08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	-0,5			-0,5		0,5			
08-439 Hjallatún, Vík	0,7			0,7	-0,7				
08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri									
08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-2,5			-2,5		2,5			
08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,2			1,2	-1,2				

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
08-449 Hjúkrunarheimilið Hamrar, Mosfellsbæ	-0,1			-0,1		0,1			
08-479 Hlaðgerðarkot									
08-480 Krýsuvíkurheimilið									
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ									
08-492 Heilsustofnun									
Náttúrulækningafélags Íslands									
08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun									
08-494 Hlein									
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	186,9			186,9	-1,8		185,1	185,1	
08-501 Sjúkraflutningar	-77,8			-77,8			-77,8		-77,8
08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	28,7			28,7			28,7	28,7	
08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	3,5			3,5			3,5	3,5	
08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík									
08-517 Læknavaktin	-26,3			-26,3			-26,3		-26,3
08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	28,1			28,1			28,1	28,1	
08-700 Heilbrigðisstofnanir	53,5			53,5			53,5	53,5	
08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands	-33,9			-33,9			-33,9		-33,9
08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	-7,8			-7,8			-7,8		-7,8
08-757 Heilbrigðisstofnun Norðurlands	-23,5			-23,5			-23,5		-23,5
08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	23,4			23,4			23,4	23,4	
08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	36,4			36,4			36,4	36,4	
08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	82,3			82,3			82,3	82,3	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávika ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
08-801 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	15,0			15,0			15,0	15,0	
08-805 Þjónustu- og þekk.miðst. fyrir blinda og sjónskerta	36,5			36,5	-3,3		33,2	33,2	
08-807 Heyrnar- og talmeina- stöð Íslands	12,2			12,2			12,2	12,2	
08-809 Málefni fatlaðra	3,7			3,7			3,7	3,7	
08-821 Barnaverndarstofa	188,0			188,0	-54,6		133,4	133,4	
08-841 Vinnumálastofnun	66,3			66,3			66,3	66,3	
08-842 Vinnumál	27,3			27,3	-8,5		18,8	18,8	
08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður	188,6	845,6		1.034,2	-1.034,2				
08-852 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	36,7			36,7	-36,7				
08-853 Ábyrgðasjóður launa	61,0		-161,5	-100,5		100,5			
08-854 Fæðingarorlof	381,7	220,1		601,8	-601,8				
08-855 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	47,9			47,9	-47,9				
08-856 Starfsendurhæfing	9,6			9,6	-9,6				
08-857 Starfsendurhæfingarsjóðir	150,0			150,0	-150,0				
08-860 Íbúðalánasjóður	1.300,0			1.300,0	-1.300,0				
08-861 Leiguíbúðir									
08-865 Húsaleigubætur	26,6			26,6			26,6	26,6	
09-101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa	24,0			24,0			24,0	24,0	
09-103 Fjársýsla ríkisins	97,4			97,4			97,4	97,4	
09-199 Ráðstöfunarfé	1,9			1,9	-1,9				
09-210 Ríkisskattstjóri	307,2		-21,5	285,7			285,7	285,7	
09-214 Yfirkattanefnd	23,6			23,6	-6,3		17,3	17,3	
09-215 Skattransóknarstjóri ríkisins	51,4			51,4			51,4	51,4	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávíka ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfellð afgangs- heimild	Niðurfellð umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
09-250 Innheimtukostnaður	115,6			115,6	-115,6				
09-262 Tollstjórinn	351,5	90,6		442,1			442,1	442,1	
09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	-27.037,4			-27.037,4		27.037,4			
09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	9,8		-9,8						
09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	108,5			108,5	-108,5				
09-711 Afskriftir skattkrafna	-652,6			-652,6		652,6			
09-721 Fjármagnstekjuskattur	7.907,8			7.907,8	-7.907,8				
09-811 Barnabætur	20,2			20,2	-20,2				
09-821 Vaxtabætur	123,1			123,1	-123,1				
09-825 Niðurfærsla á verðtr. húsnæðisskuldum heimila	429,1			429,1		19,1	448,2	448,2	
09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins	23,7			23,7			23,7	23,7	
09-905 Ríkiskaup	4,8			4,8			4,8	4,8	
09-971 Ríkisábyrgðir	-246,0			-246,0		246,0			
09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur	-202,8			-202,8		202,8			
09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs	13,1			13,1	-1,3		11,8	11,8	
09-977 Bankasýsla ríkisins	10,9			10,9	-1,2		9,7	9,7	
09-978 Fjármálaeftirlitið	49,6		-5,6	44,0			44,0	44,0	
09-979 Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár	-21.107,1			-21.107,1		21.107,1			
09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins	9,4			9,4			9,4	9,4	
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	110,1			110,1	-0,6		109,5	109,5	
09-984 Ríkiseignir	-164,2	43,4		-120,8	0,0		-120,8		-120,8
09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurlugvöll	237,6			237,6			237,6	237,6	
09-986 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	43,7	54,8		98,5			98,5	98,5	

Fjárlagaliður	Fjárheimilda- staða í árslok án frávíka ríkistekna	Hækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Lækkun fjárheimild- ar v/frávika ríkistekna	Fjárheimilda- staða í árslok með frávikum ríkistekna	Niðurfelld afgangs- heimild	Niðurfelld umfram- gjöld	Staða eftir niðurfellingu	Flutt afgangs- heimild	Flutt umfram- gjöld
Í m.kr.									
14-381 Ofanflóðasjóður	1.311,3			1.311,3			1.311,3	1.311,3	
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	-14,0			-14,0			-14,0		-14,0
14-403 Náttúrustofur									
14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-2,6			-2,6			-2,6		-2,6
14-412 Veðurstofa Íslands	30,8			30,8			30,8	30,8	
19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-685,6			-685,6		685,6			
	<b>-14.891,6</b>	<b>2.280,9</b>	<b>-1.029,5</b>	<b>-13.640,2</b>	<b>-18.769,0</b>	<b>52.264,3</b>	<b>19.855,1</b>	<b>22.045,0</b>	<b>-2.189,9</b>